

kynningin um brottflutning af jörðinni verður að teljast gefin með nægilegum fyrirvara, þar sem hér verður ekki talið, að um venjulega ábúð sé að ræða samkv. framan-sögðu, þá litur rétturinn svo á, að hin umbeðna gerð eigi fram að fara.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ná fram að ganga, og ber því gerðarþola að flytja sig með alla áhöfn af jörðinni Reykjarhóli nú þegar.

Miðvikudaginn 19. júní 1940.

Nr. 132/1939. **Stjórn og byggingarnefnd**
Ungmennafélags Langnesinga
 (Jón Ásbjörnsson)
 gegn

Skólanefnd Sauðaness skólahéraðs
og gagnsök (Eggert Claessen).

Öll málsmeðferð og héraðsdómur ómerkt og málinu vísað ex officio frá héraðsdómi vegna umboðs-skorts varnaraðilja.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómur og úrskurður, sem skotið er til hæstaréttar, eru kveðnir upp af Júlíusi Havsteen, sýslumanni í Þingeyjarsýslu.

Í máli þessu, sem áfrýjað er til hæstaréttar með stefnu 20. des. f. á. og gagnáfrýjað, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. f. m., með stefnu 15. f. m., kemur það samkvæmt flutningi málsins fyrir hæstarétti aðeins til úrlausnar, hvort fella eigi úr gildi úrskurð héraðsdómara frá 22. okt. 1938, þar sem kröfu gagnáfrýjanda um frávisun málsins frá héraðsdómi var hrundið, eftir kröfu gagnáfrýjanda, ómerkja hér-

aðsdóminn og vísa málinu frá honum. Ef málinu yrði lokið hér fyrir dómi með úrlausn þessara at-
riða, hafa aðiljar krafizt málskostnaðar hvor af öðr-
um fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Framangreindur úrskurður, sem áfrýjað hefir
verið með aðalmálinu, átti að sæta kæru samkvæmt
3. málsg. 108. gr. laga nr. 85/1936, og verður hon-
um því nú ekki haggð eftir kröfu gagnáfrýjanda.

Í máli þessu eru þrír nafngreindir menn sóttir
„f. h. skólanefndar Sauðaness skólahéraðs“ til
greiðslu bóta, kr. 1240.00 með vöxtum, sakir rift-
ingar á leigumála skólahúsnæðis, svo sem í héraðs-
dómi segir. Skólanefnd hefir eigi að lögum undir
hendi fé, er henni væri heimilt að verja til greiðslu
slikra bóta, og skortir í máli þessu heimild til þess
að svara fyrir þá aðilja, er að lögum leggja barna-
skólum á landi hér fé, sbr. 15. og 17. gr. laga nr.
94/1936, sbr. við 13. og 14. gr. sömu laga og áður
28. gr. laga nr. 40/1926. Máli þessu er því beint
að umboðslausum aðilja, og verður þess vegna ex
officio að ómerkja alla málsmeðferð í héraði, þar á
meðal úrskurðinn frá 22. okt. 1938, og dóm og vísa
málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma að-
aláfrýjanda til þess að greiða gagnáfrýjanda 300
krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð málsins í héraði, þar á meðal úr-
skurður frá 22. október 1938, og dómur eiga
að vera ómerk, og er málinu ex officio vísað
frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, stjórn og byggingarnefnd

Ungmennafélags Langnesinga, greiði gagnafryj-
anda, skólanefnd Sauðaness skólahéraðs, 300
krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að við-
lagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukaréttar Þingeyjarsýslu 22. okt. 1938.

Stefndur, skólanefndarformaður Guðmundur Vilhjálmsson, hefir krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi sem ranglega höfðuðu, sökum þess að einn hinna stefndu, Hólmgeir Vilhjálmsson frá Heiði, var ekki lengur skólanefndarmaður, þegar stefnan í máli þessu var út gefin.

Það er upplýst í málinu, að stefndur Hólmgeir Vilhjálmsson var í skólanefnd Sauðaneshrepps, þegar sátta-
kæra í máli þessu var gefin út hinn 27. maí síðastl. og þegar hún var birt 30. sama mánaðar, og þar sem mál þetta átti að leggja til sátta fyrir sáttamenn, sbr. 5. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði, verður að telja málið höfðað, þegar sáttakæran var birt, sbr. 103. gr. sömu laga, og nefndum Hólmgeiri þá löglega stefnt sem skólanefndarmanni, og verður því ekki hægt að taka framkomna kröfu um frávisun til greina.

Því úrskurðast:

Framkomna kröfu um frávisun þessa máls frá dómi skal ekki taka til greina.

Dómur aukaréttar Þingeyjarsýslu 21. sept. 1939.

Mál það, sem hér liggur fyrir, er að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun höfðað fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu af Þórði Hjartarsyni, Þórshöfn, f. h. og í umboði stjórnar og húsabyggingarnefndar Ungmennafélags Langnesinga með stefnu, dags 30. ágúst 1938, gegn Skólanefnd Sauðanessskólahéraðs til greiðslu á kr. 1240.00 í skaðabætur fyrir samningsrof á húsaleigusamningi, auk vaxta, 6% p. a., af upphæð þessari frá 27. maí 1938 til greiðsludags, svo og til greiðslu á kostnaði þessa máls samkv. framl. reikningi eða eftir réttarins mati.

Tildrög málsins eru samkvæmt framlögðum skjölum, vitnaleiðslum og öðrum munnlegum upplýsingum í stuttu máli þessi:

Haustið 1936 tók skólanefnd Sauðanessskólahéraðs á leigu skólastofu í samkomuhúsi Ungmennafélags Langnesinga, og virðist þetta gert eftir munnlegu samtali eða samkomulagi milli skólanefndarinnar og ungmennafélagsins og þannig samið, að skólastofan skyldi leigð til 5 ára, ef ekki yrði reist skólahús á þeim árum, að stofan skyldi eingöngu leigð til barnafræðslu, en ungmennafélaginu heimilt að nota hana til veitingasölu í sambandi við skemmtanir, ef afnotin kæmu ekki í bága við starfsemi barnaskólans eða fyrirmæli heilbrigðisstjórnar. Ekkert var um samkomulag þetta eða samning þenna ritað í gerðabók skólanefndar:

Árið 1937 fór fram kosning í skólanefndina að nýju, og var skipaður nýr skólanefndarformaður, sem er stefndur í máli þessu, Guðmundur Vilhjálmsson, oddviti Sauðaneshrepps, og þykir rétt að geta þess þegar, að gegn honum hefir mál þetta raunverulega snúist og gerðum hans, því hinir meðstefndu meðnefndarmenn hans hafa, eins og málskjöl og framburðir sýna, lagzt gegn honum og varnarskjölum hans í málinu og talið kröfur sækjanda réttmætar, enda er annar þeirra, Sigurður Jónsson frá Ytra-Lóni, formaður Ungmennafélags Langnesinga, en einmitt áreksturinn milli hans og formanns skólanefndar síðari hluta dags 13. janúar 1938 verður til þess, að formaður skólanefndar segir upp húsnaði barnaskólans og lætur flytja hann úr samkomuhúsinu.

Það verður ekki séð, að hin nýskipaða skólanefnd hafi ætlað að breyta um skólastofu 1937, er skóli var settur, og virðist allt vera með kyrrum kjörum til 12. janúar 1938, að umbjóðendur sækjanda þykjast orðnir þess visir, að formaður skólanefndar hafi leigt kennara Hinrik Thorlacius skólastofuna undir unglingaskóla. Mótmæla þeir því, að hann hafi nokkurn umráðarétt á stofunni til þess að framleigja hana, og tilkynna þetta nefndum Thorlacius um leið og þeir þó gefa honum kost á stofunni, ef hann viðurkenni þá rétta samningsaðilja, að öðrum kosti verði stofan lokuð fyrir honum og skóla hans.

Hinn 13. janúar 1938, síðari hluta dags um kl. 6, fór formaður skólanefndar ásamt skólastjóra barnaskólans, Óla Möller, Hinrik Thorlacius og tveimur mönnum, þeim Ingimar Baldvinssyni stöðvarstjóra og Sigmar Valdimarssyni

kaupmanni, er hann kvaddi með sér sem votta, upp að samkomuhúsinu.

Á holtinu neðan við samkomuhúsið mæta þeir leikfimikennara Jónasi Sigurðssyni, ræstingarmanni hússins, Magnúsi Hliðdal, formanni ungmennafélagsins, Sigurði Jónssyni, og fleirum.

Formaður skólanefndar snéri sér þá til leikfimikennarans og bað hann að fá sér lykilinn að samkomuhúsinu, en hann vísaði til ræstingarmannsins. Bað þá formaður skólanefndar ræstingarmanninn að fá sér lykilinn, en hann kvaðst ekki mega það, enda greip þá formaður ungmennafélagsins framm í og bannaði ræstingarmanni að láta lykilinn af hendi.

Snéri nú formaður skólanefndar sér beint til formanns ungmennafélagsins og krafðist þess, að sér sem skólanefndarformanni væri afhentur lykillinn, en því var neitað.

Lýsti þá formaður skólanefndar yfir því, að hann gerði formann Ungmennafélags Langnesinga ábyrgan fyrir þessari neitun og kvaðst flytja skólann úr samkomuhúsinu, næsta dag eða næstu daga, og var það gert. Kröfum sínum til stuðnings heldur sækjandi því fram, að samningur sá, sem gerður var haustið 1936 milli Ungmennafélags Langnesinga og skólanefndarinnar, hafi verið að öllu leyti bindandi fyrir aðilja, þó munnlegur væri, þar sem þeir kannast báðir við hann, enda stofan tekin í notkun 1937 samkvæmt honum, því enginn nýr samningur hafi verið gerður, og gildi samningurinn því áfram þann tíma, sem tiltekinn var. Formann skólanefndar hafi því algerlega brostið heimild til þess að segja samningi þessum upp, og breyti það engu, þótt formaður ungmennafélagsins hafi hinn 13. jan. 1938 neitað að afhenda honum lykilinn að samkomuhúsinu, því þetta hafi hann einungis gert til þess, eins og strax var fram tekið, að fyrirbyggja, að unglingaskóli Hinriks Thorlacius yrði settur í barnaskólastofunni, en einmitt það hafi staðið til eftir loforði og óheimilu leiguframsali formanns skólanefndar til Hinriks Thorlacius.

Með því þannig að segja fyrirvaralaust upp leigusamningnum að skólastofunni og með því að flytja skólann hafi stefndur, formaður skólanefndar, bakað umbj. sínum leigutap f. $3\frac{3}{4}$ árs leigu og beri því hinni stefndu skólanefnd

að greiða leigu þessa eða bætur fyrir samningsrofin, sem svari hinni umstefndu upphæð með umstefndum vöxtum.

Formaður skólanefndar hefir f. h. hinnar stefndu skólanefndar Sauðanessskólahéraðs algerlega mótmælt kröfum og kærur sækjanda í máli þessu og krafizt algerðrar sýkunar og að sækjandi verði dæmdur í sekt fyrir tilefnislausu málshöfðun og til þess að greiða málskostnað eftir reikningi eða eftir réttarins mati.

Þessum sýknukröfum sínum til réttlætningar heldur stefndur fram, að það fari algerlega í bága við ákvæði laga um fræðslu barna nr. 94 frá 1936, að skólanefnd, þegar að ræða sé um bráðabirgðahúsnæði til skólahalds, sé bundin til lengri tíma, eða 5 ára, heldur aðeins frá ári til árs, að núverandi skólanefnd geti ekki verið bundin við ályktanir fyrri skólanefndar, sem hvorki liggi fyrir skriflegar né ritaðar í gerðabók skólanefndar, svo sem skylt sé samkv. 13. gr. laga nr. 94 frá 1936 og að jafnvel þótt samningur sá yrði talinn skuldbindandi fyrir skólanefndina um 5 ár frá 1936, sem fyrrv. skólanefnd kunni að hafa „fastmælum bundið“ við Ungmennafélag Langnesinga, þá hafi leigusalar með framkomu sinni 13. jan. 1938, er þeir neita formanni skólanefndar, án frekari umsvifa og tilefnislaust, aðgang að skólastofunni, þó hann hafi til þess rétt lögum samkvæmt, gefið réttmætt tilefni til riftunar á húsaleigusamningnum við Ungmennafélag Langnesinga. Þá neitar formaður skólanefndar því eindregið, að hann hafi framleigt skólastofuna H. Thorlacius. Hann hafi aðeins f. h. skólanefndarinnar leyft honum að nota stofuna og áhöld skólans, um enga leigu samið, en lofað, að beita sér fyrir því, að skólanefndin tæki litið eða ekkert fyrir þetta. Sérstaklega neitar formaður skólanefndar því, að hann hafi ætlað að fá lykilinn að samkomuhúsinu til þess að opna fyrir skóla Thorlacius, en hann hafi verið búinn að lofa því að lána honum áhöld skólans, hvort sem unglingaskólinn yrði í samkomuhúsinu eða annarsstaðar, og hafi hann farið seinni part dags — hinn 13. jan. 1938 — upp að samkomuhúsinu bæði til þess að skoða kennsluáhöldin, áður en þau yrðu lánuð, og í því skyni talið rétt að hafa með sér skólastjóra barnaskólans og tvo óvillhalla menn, svo ekki risi ágreiningur, ef áhöldin skemmdust í unglingaskólanum, og til þess að ná þarna tali af formanni

húsabyggingarnefndar ungmennafélagsins, en honum var sagt, að hann á þessum tíma væri staddur í samkomuhúsinu, til þess að fá hjá honum afdráttarlaust svar um það, hvort Hinrik fengi lánaða skólastofuna eða eigi.

Eins og mál þetta liggur fyrir, er það gegn neitun stefnda, formanns skólanefndar, engan veginn upplýst, að hann hafi leigt Hinrik Thorlacius barnaskólastofuna í samkomuhúsi Ungmennafélags Langnesinga undir unglingaskóla, en framburður vitnanna Guðmundar Sigfússonar og skólastjóra Óla Möllers um þetta virðist frekar benda til þess, að svo hafi í raun og veru ekki verið, heldur hafi hann einungis heimilað notkun stofunnar f. h. skólanefndarinnar.

Það verður heldur ekki talið upplýst, að formaður skólanefndar hafi í þeim tilgangi farið upp að samkomuhúsinu hinn 13. jan. 1938 að opna húsið eða skólastofuna fyrir skóla Hinriks Thorlacius, eða nægilega upplýst, að setning þessa unglingaskóla hafi þá átt að fara fram, því vitni þau, sem leidd eru til þess að sanna þetta, virðast frekar upplýsa hið gagnstæða, þar sem það kemur í ljós, að þarna eru einungis tveir nemendur Thorlacius viðstaddir og báðir á leiðinni úr leikfimi niður í þorpið, eða á leið frá skólanum.

Pungamiðja máls þessa, sem úrslit þess hljóta að velta á, virðist vera þetta tvennt, *hvort* hið munnlega samkomulag, sem gert var haustið 1936 milli skólanefndar þeirrar, sem þá starfaði, og Ungmennafélags Langnesinga, beri að telja bindandi samning einnig fyrir þá skólanefnd, sem við tók, — og *hvort* neitun formanns Ungmennafélags Langnesinga á því, að afhenda formanni skólanefndar lykilinn að samkomuhúsinu hinn 13. jan. 1938 og þannig meina honum aðgang að barnaskólastofunni, hafi verið með þeim hætti, að hún geti talizt næg ástæða fyrir formann skólanefndar til þess að segja upp húsnæðinu fyrir barnaskólann fyrirvaralaust.

Um hið fyrra atriði — 5 ára leiguna á barnaskólastofunni — er það að segja, að svona viðtækan samning virðist fv. skólanefnd ekki hafa mátt gera, nema sérstök húsnæðisekla væri fyrir hendi, og þá aðeins með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, og þar að sjálfsgöðu að skjal festa slíkan samning í gerðabók skólanefndarinnar eða

geta um hann þar, og það því fremur sem venjan virðist hafa verið sú hjá skólanefnd Sauðanessskólahéraðs, sbr. yfirlýsingu fv. skólanefndarformanns, dags. 23. ágúst þ. á. (réttarskj. nr. 46) í máli þessu, að leigja skólastofu frá ári til árs, og þeim mun ógætilegra að hverfa frá þeirri reglu haustið 1936, þar sem einmitt þá voru gengin í gildi lög um fræðslu barna — 23. júní 1936 —, sem færa niður aldur skólaskyldra barna. Sú skólanefnd, sem við tók, virðist því ekki hafa verið bundin þessum munnlega samningi, en með því að skólastofan var notuð áfram skólaárið 1937—38, var ekki hægt af ástæðum þeim, sem hér greinir, að segja upp leigunni á skólastofunni fyrirvaralaust, heldur þurfti uppsögnin, að því er virðist, að miðast við lok skólaársins.

Þá er að lita á siðarnefnda atriðið, ellegar neitun formanns Ungmennfélags Langnesinga á því að afhenda eða láta afhenda formanni skólanefndar lykilinn að samkomuhúsinu, þrátt fyrir ítrekaða beiðni hans hinn 13. jan. 1938.

Því er eindregið haldið fram af sækjanda þessa máls og formanni ungmennafélagsins, að siðarnefndur hafi strax tjáð formanni skólanefndar þá ástæðu fyrir neitun sinni á því að afhenda honum umbeðinn lykil, að hann fengi hann ekki til þess að opna húsið (skólastofuna) fyrir unglingaskóla Hinriks Thorlacius, en stefndur — formaður skólanefndar — heldur því fast fram, að neitunin hafi verið afdráttarlaus og engar ástæður bornar fram fyrir henni.

Vitnunum, sem leidd hafa verið í málinu, til þess að upplýsa þetta atriði, greinir á um það. — Vitni sækjanda eru þrjú, — leikfímikennari Jónas Sigurðsson, ræstingarmaður Magnús Hlíðdal og Björn Ágústsson.

Vottorð þessara vitna, framlögð í málinu, eru mjög samhljóða, en við staðfestingu þeirra ber vitnunum ekki saman. Sérstaklega man vitnið Magnús Hlíðdal ekki, hvort formaður ungmennafélagsins greindi strax ástæðuna fyrir því, að hann neitaði formanni skólanefndar um lykilinn, og yfirleitt er framburður þessa vitnis óskýr og hikandi einmitt um þetta atriði.

Vitnið Jónas Sigurðsson ber, að fyrst hafi formaður ungmennafélagsins sagt: „Nei, við lánunum ekki lykilinn“ og svo síðar, er formaður skólanefndar heimtaði lykilinn. „Nei, við lánunum ekki lykilinn til þess að opna fyrir skóla

Hinriks Thorlacius.“ Vitnið Björn Ágústsson er samhljóða Jónasi um þessi tvö tilsvör formanns ungmennafélagsins, en heldur fram, að formaður skólanefndar hafi þrisvar beðið um eða heimtað lykilinn, en man ekki, hvort honum var svarað, er hann krafðist hans í þriðja sinn. Vitni þessi eru því ekki nákvæmlega samhljóða, og virðist verða að líta á það í þessu sambandi, að vitnin Jónas Sigurðsson og Magnús Hliðdal eru í Ungmennafélagi Langnesinga og hinn siðarnefndi starfsmaður þess.

Vitni þau, sem stefndur — formaður skólanefndar — leiðir sínum framburði til stuðnings, eru sérstaklega þeir stöðvarstjóri Ingimar Baldvinsson og kaupmaður Sigmar Valdimarsson, en það er mennirnir, sem hann kvaddi með sér sem vitni, er hann fór upp að samkomuhúsinu 13. jan. 1938.

Þessi vitni, sem eru með öllu óvilhöll, hafa borið það hiklaust og samhljóða, að formaður Ungmennafélags Langnesinga hafi harðneitað að afhenda formanni skólanefndar lykilinn að samkomuhúsinu „án þess að greina ástæður“, og samhljóða þeim um þetta atriði er framburður skólastjóra Óla P. Möllers, sem var þarna viðstaddur á holtinu, er þeir formaður ungmennafélagsins og formaður skólanefndar deildu um lykilinn.

Loks ber vitnið Guðmundur Jósefsson að hafa verið stadd þarna á holtinu við samkomuhúsið 13. jan. 1938 og heyrt formann ungmennafélagsins harðneita að afhenda formanni skólanefndar lykilinn að samkomuhúsi ungmennafélagsins, er hann krafðist hans, án þess að tilgreina ástæður.

Að svo miklu leyti sem vitnum þessum, sem leidd hafa verið til þess að bera um það, sem fram fór á holtinu neðan við samkomuhús Ungmennafélags Langnesinga þ. 13. jan. 1938 — milli formanns Ungmennafélags Langnesinga og formanns skólanefndar, — ber ekki saman, verður, — eins og áður er tekið fram í úrskurði í máli þessu, uppkveðnum 21. okt. 1938, — að taka sérstakt tillit til framburða vitnanna Ingimars Baldvinssonar og Sigmars Valdimarssonar, þar sem þeir eru algerlega óvilhallir, ber allveg saman og hljóta að hafa sett sérlega vel á sig það, sem þarna fór fram, þar sem þeir voru beðnir að fara upp eftir sem vitni. Nú styrkist þessi framburður þeirra

sérstaklega við vitnaframburð skólastjóra Óla P. Möllers, sem um tilsvör formanns ungmennafélagsins er þeim í öllu samhljóða, og sömuleiðis við vitnaframburð Guðmundar Jósefssonar, en þessi tvö síðarnefndu vitni verða að teljast algerlega óvillhóll, og full ástæða til þess að ætla, að skólastjórinn hafi sett vandlega á sig það, sem þarna gerðist og þarna var sagt.

Samkvæmt þessu verður að lita svo á, að stefndur — formaður skólanefndar — hermi það rétt, að sér hafi afdráttarlaust og án ástæðna verið synjað um hinn umbeðna lykil og þá um leið aðgang að skólastofunni, en þessi synjun virðist vera svo ókurteis og óheimil í garð formanns skólanefndarinnar, að hún gefi honum réttmæta ástæðu til þess að segja þegar upp húsnæði barnaskólans, sérstaklega þar sem formaður ungmennafélagsins einnig er skólanefndarmaður og hlaut því að vita, að formaður skólanefndar hafði lögum samkvæmt rétt til þess, hvenær sem var, að fá óhindraðan aðgang að skólastofu barnaskólans og jafnvel þótt forráðamenn Ungmennafélags Langnesinga kunni að hafa haft ástæðu til að lita svo á, að þarna stæði til þetta kvöld að setja unglingaskóla gegn þeirra vilja, þá var það út af fyrir sig ekki nóg ástæða til þess að neita formanni skólanefndar um aðgang að skólastofunni, heldur gátu þeir, ef þeir töldu rétt sinn fyrir borð borinn, mótmælt setningu unglingaskólans og fengið aðstoð fógetans til þess að fjarlægja hann, og vottorð héraðslæknis Eggerts Einarssonar í máli þessu, sem er réttarskjal nr. 30, virðist einmitt benda til þess, að þessa leið hafi formaður húsbyggingarnefndar Ungmennafélags Langnesinga ætlað að fara, ef til kæmi.

Það verður því að lita svo á, að formaður Ungmennafélags Langnesinga hafi með neitun sinni hinn 13. jan. 1938 á því að afhenda eða láta afhenda formanni skólanefndar Sauðanessskólahéraðs umbeðinn lykil að samkomuhúsi ungmennafélagsins (skólastofu barnaskólans) gefið stefnda réttmætt tilefni til þess að segja fyrirvaralaust upp húsnæði barnaskólans í nefndu samkomuhúsi, og verður því að sýkna stefndu, skólanefnd Sauðanessskólahéraðs, af kröfum og kærnum sækjanda í máli þessu.

Til þess að sekta sækjanda fyrir óþarfa málsýfingu finnst ekki ástæða.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefir á meðferð máls þessa, stafar af því í fyrsta lagi, að úrskurði þeim um eiðfesting vitna, sem kveðinn var upp í málinu hinn 21. okt. síðastl., var áfrýjað til hæstaréttar og kæru-málið dæmt í janúarlök þ. á., í öðru lagi sökum langvinnra og alvarlegra veikinda á heimili dómarsans og viðburða, sem í sambandi við þau stóðu og voru þess efnis, að dómarrinn fór þess á leit við málsaðilja að fá skipaðan sérstakan setudómara til þess að útkljá málið, en þeir færðust undan því.

Dráttur á uppkvaðningu dóms þessa stafar sumpart af dagsettum önnum dómarsans um og eftir síðustu mánaðamót, sumpart af lasleika hans nú undanfarið.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, skólanefnd Sauðanessskólahéraðs, skal vera sýkn af kröfum og kærum sækjandans, Þórðar Hjartarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 19. júní 1940.

Nr. 31/1940. Kristján Eggertsson

gegn

(Theódór B. Líndal)

Bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjar-
sjóðs (Jón Ásbjörnsson).

Um heimilisfang manns.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er uppkveðinn af Sigurði Eggerz, bæjarfógeta á Akureyri.

Áfrýjandi, sem hefir að fengnu áfrýjunarleyfi 26. apríl þ. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 27. s. m., krefst þess, að heimilisfang hans verði talið í Grímsey frá 1. október 1938 til upp-